

BLÁA LÓNID HF.



# ÁRSSKÝRSLA 2012

*Aðalfundur 6. maí 2013*

An aerial photograph of a rugged coastline. The foreground shows dark, jagged rock formations with white foam from waves crashing against them. The water transitions from a deep blue to a lighter, turquoise hue as it approaches the shore. The sky is a pale, clear blue.

BLÁA LÓNID HF.

# ÁRSSKÝRSLA 2012

*Aðalfundur 6. maí 2013*

# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

...m hudi þínu og fullkomnaðu daglega húðhúðu með Blue Lagoon  
...randi húðvörum sem veita húðinni slétt og fallegt yfirbragð.

...ly care for your skin when you apply your favorite Blue Lagoon  
...ect and NOURISH your skin, leaving it soft and smooth.

## Seas

Ágætu hluthafar.

Bláa Lónið hf hélt áfram að fá viðurkenningar vegna starfsemi sinnar á liðnu starfsári. Vefur félagsins var valinn besti vefur Íslands árið 2012 og Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga veitti félaginu viðurkenninguna – þekkingarfyrirtæki ársins 2012.

Þessar viðurkenningar bætast í hóp margra fleiri, sem Bláa Lónið hf hefur hlotið á starfstíma sínum á undanförunum tuttugu árum, en þeim er það sameiginlegt að heiðra þann nýsköpunar- og frumkvöðlakraft, sem hefur einkennt félagið frá stofnun þess árið 1992.

Hluthafar fengu greiddan arð á síðasta ári vegna rekstrarársins 2011. Var það í fyrsta skipti í sex ár, sem greiddur var arður til hluthafa. Fyrir aðalfundi nú mun einnig liggja tillaga um arð í samræmi við arðgreiðslustefnu, sem mótuð hefur verið, en rekstrarárangur félagsins í fyrra var sá besti í sögu þess. Það er mjög ánægjulegt að félagið er komið í þá stöðu að geta greitt reglulegan arð til hluthafa þannig að þeir njóta nú þeirrar þolinmæði og þrautseigju, sem þeir hafa sýnt við uppbyggingu Bláa Lónsins hf á undanförunum árum.

Verðmætasta eign Bláa Lónsins hf er mannauður félagsins. Félagið hefur notið þeirrar gæfu að hjá því hefur starfað frábær samhentur hópur starfsfólks, sem alltaf hefur lagt sig fram um að veita gestum okkar framúrskarandi þjónustu. Því er ánægjulegt að greina frá því að stjórn félagsins ákvað nú nýverið að tillögu framkvæmdastjórnar að greiða öllum starfsmönnum, sem störfuðu a.m.k. sex mánuði hjá félaginu á s.l. ári, launaeingreiðslu kr. 150.000 m.v. fullt starf, sem viðurkenningu fyrir frábært starf þeirra á árinu 2012. Það þarf ekki að koma á óvart að viðbrögð starfsmanna við þessari viðurkenningu hafa verið frábær og mun þessi greiðsla verða þeim öllum hvatning til enn frekari dáða á þeirri vertíð, sem framundan er nú í sumar.

Fjárfestingar byggðar á skýrri framtíðarsýn stjórnar og stjórnenda Bláa Lónsins hf hafa verið grunnur að tekjuvexti og bættri afkomu félagsins á undanförunum árum. Nú telur þessi hópur að kominn sé tími til að huga aftur að slíkum tekjuaukandi fjárfestingum. Nú liggur fyrir ákvörðun um að stækka upplifunarsvæði Bláa Lónsins og bæta enn frekar aðstöðu fyrir gesti. Verður einkum litið til þess að styðja við þá þróun að við séum betur í stakk búin til að veita vel borgandi gestum einstaka upplifun en við höfum fundið fyrir vaxandi þörf til að mæta betur óskum þessara gesta. Er mjög góð reynsla af rekstri s.k. Betri stofu m.a. lykill að ákvörðunartöku í þessu efni. Verður hafist handa við framkvæmdir nú í haust og frá vori árið 2015 munum við bjóða gestum okkar uppá ennþá fjölbættari upplifun en nú er. Ávinningurinn verður ennþá ánægðari gestir sem munu skila félaginu enn meiri tekjum en nú er.

# ÁVARP FORSTJÓRA



Ágætu hluthafar

Rekstur Bláa Lónsins hf gekk frábærlega vel á síðasta ári og var rekstrarárangur félagsins á þessu tuttugu ára afmælisári sá besti í sögu félagsins. Árið 2012 sló þar með út rekstrarárangur ársins á undan, sem var besta rekstrarárið til þess tíma. Horfur í rekstri félagsins á þessu ári eru mjög góðar og sé miðað við rekstrarárangur fyrsta ársfjórðungs 2013, er enn eitt metárið framundan í rekstri Bláa Lónsins.

Fjöldi erlendra ferðamanna, sem sótti Ísland heim, hélt áfram að vaxa frá fyrra ári og naut félagið þess vaxtar, en 585.000 gestir heimsóttu Bláa Lónið á síðasta ári, sem var 27% aukning frá árinu áður.

Á háönn s.l. sumar upplifðum við stjórnendur í fyrsta skipti áhyggjur af þjónustugæðum vegna hins mikla gestafjölda en í júlí í fyrra komu um 106.000 gestir í Bláa Lónið.

Fjöldi s.k. skoðunargesta hefur vaxið mikið á undanförunum árum, en þetta eru gestir sem ekki kaupa okkar grunnþjónustu, þ.e. að upplifa það í Bláa Lóninu, heldur koma eingöngu til að skoða staðinn. Þessi hópur fór yfir eitt hundrað þúsund manns í fyrra. Margir þessara gesta kaupa aðra þjónustu t.d. veitingar eða versla í Blue Lagoon versluninni, en sumir virðast einungis koma til að sjá staðinn, taka myndir, nota salerni o.s.frv. Í þjónustu við þennan hóp liggja ónýtt tækifæri, en einnig stafar ákveðin ógn af því að þessir gestir trufli upplifun þeirra, sem eru komnir til að njóta Bláa Lónsins til fulls.

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu á undanförunum mánuðum um þann gríðarlega vöxt, sem verið hefur í komum erlendra ferðamanna til Íslands, og hvernig innviðir og náttúruperlur eru í stakk búnar til að taka á móti öllum þessum fjölda, þannig að náttúruperlurnar spillist ekki og upplifun gesta verði ekki í samræmi við væntingar þeirra. Bent hefur verið á nauðsyn þess, að gjöld væru greidd af þeim, sem nytu okkar einstöku náttúruperla, og þau væru grunnur að uppbyggingu innviða og varðveislu þessara staða.

Bláa Lónið hf, sem er forystufyrirtæki í íslenskri ferðaþjónustu, tók ákvörðun um að taka af skarið í þessu efni og munu allir gestir, sem heimsækja Bláa Lónið og hyggjast ekki njóta okkar grunnþjónustu, greiða gjald fyrir heimsóknina frá 1.júní n.k. Hluti gjaldsins mun renna til umhverfisverkefna í nágrenni Bláa Lónsins og á Reykjanesi einmitt til að bæta aðgengi gesta og umgengni um viðkvæma staði.

Samhliða höfum við opnað bókunarátt á internetinu, þannig að okkar gestir geta bókað og greitt fyrir heimsókn sína fyrirfram og tryggt að þeir komist að til að njóta einstakrar upplifunar Bláa Lónsins, þegar þeim hentar. Þessi ráðstöfun er mikilvæg í tvennu tilliti. Hún hjálpar okkur að stýra betur gestaflæði innan tímabila og daga sérstaklega þegar eftirspurn er mest á háönn, og hún tryggir einnig betur jákvæða upplifun gesta okkar, þegar þeir heimsækja okkur, en við þurfum að glíma við biðraðir gesta s.l. sumar, sem að sjálfsgöðu skapaði óánægju meðal þeirra. Við bindum miklar vonir við, að til framtíðar litið verði bókunaráttin mjög öflugt tæki í tekjustýringu, álagsstýringu og tryggi einstaka upplifun gesta okkar, en grunnur að velgengni Bláa Lónsins í gegnum árin hefur verið jákvætt orðspor, sem hefur verið sprottið frá gestum okkar.

# STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

## BLÁA LÓNSINS ÁRIÐ 2012



**Formaður**  
Helgi Magnússon



**Varaformaður**  
Edvard Júlíusson



**Meðstjórnandi**  
Anna Skúladóttir



**Meðstjórnandi**  
Ásgeir Margeirsson



**Meðstjórnandi**  
Úlfar Steindórsson



**Varamaður**  
Júlíus J. Jónsson



**Varamaður**  
Sigurður Arngrímsson



# ÞEKING OG NÝSKÖPUN Í 20 ÁR



*Þekkingar og nýsköpunarhugsun hefur ávallt einkennt starfsemi Bláa Lónsins og er sá grunnur sem fyrirtækið byggir starfsemi sína á nú og til framtíðar.*

Fyrirtækið hefur byggt upp verðamæta þekkingu í ferðaþjónustu, lækningameðferðum við psoriasis, þróun húðvara auk rannsókna og nýtingu á virkum efnum Bláa Lónsins. Starfsemi Bláa Lónsins er einstakt dæmi um fjölnýtingu jarðvarmans á Íslandi.

Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem er mest vaxandi á Íslandi. Bláa Lónið er leiðandi fyrirtæki í þeirri grein. Á undanförunum árum hefur Bláa Lónið tekið mikilvæg skref er lúta að vexti fyrirtækisins til að það verði í stakk búið fyrir þá þróun sem á sér nú stað innan ferðaþjónustunnar. Gæði eru höfð að leiðarljósi í þeirri þróun og áhersla lögð á að standa vörð um upplifun gesta.




Á árinu 2012 voru liðin 20 ár frá stofnun Bláa Lónsins. Þegar litið er um öxl er óhætt að segja sterk sýn stofnendanna um uppbyggingu fyrirtækis, sem yrði leiðandi í íslenskri ferðaþjónustu en byggði jafnframt á þekkingu og vísindalegum grunni, hafi ræst.

Þekkingarverðlaun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem voru veitt Bláa Lóninu vegna ársins 2012 eru vitnisburður um það þekkingarstarf sem starfsemi félagsins byggir á og heldur áfram að vera undirstaða til framtíðar.

Vísinda- og rannsóknastarf á virkum efnum og lækningamætti Bláa Lónsins heldur áfram. Áhersla á samstarf við rannsóknaháskóla hér heima og erlendis hefur borið góðan árangur. Afrakstur starfsins birtist í nýjum Blue Lagoon húðvörum og þróun í lækningameðferðum.

# BLÁA LÓNIÐ

*Bláa Lónið er erlendum gestum sem sækja Ísland heim minnisstæðast samkvæmt könnun sem Ferðamálaráð Íslands gerði sl. vetur. Niðurstaða könnunarinnar er forsvarsmönnun Bláa Lónsins hvatning til að halda áfram á sömu braut og leggja áfram áherslu á að standa vörð um upplifun gesta.*



Árið 2012 var metár í starfsemi Bláa Lónsins og nú stefnir í að 2013 verði enn eitt metárið.

Bláa Lónið er takmörkuð auðlind og standa þarf vörð um hana og starfsemi hennar. Í undirbúningi er að þeir gestir sem heimsækja staðinn án þess að fara í Bláa Lónið greiði 10 EUR fyrir heimsóknina frá og með 1. júní 2013. Tíu prósent af heimsóknargjaldinu munu renna til uppbyggingar innviða ferðaþjónustunnar á Reykjanesi t.d. gangstígagerðar og merkinga. Með þessu vill Bláa Lónið stuðla að verndun þeirrar auðlindar sem liggur í náttúrunni og góðri umgengni við hana. Bláa Lónið tekur hér mikilvægt skref og sýnir forystu í máli sem mikið hefur verið rætt í tengslum við þróun ferðaþjónustu á Íslandi.

Heimsókn í Bláa Lónið hefur um árabil verið lýst sem einstakri upplifun og var hugtakið einstök upplifun lengi hluti af kynningarefni fyrirtækisins. Með innleiðingu upplifunar sem óaðskiljanlegs þáttar vöru og þjónustu Bláa Lónsins má segja að hugtakið hafi verið tekið á næsta stig.

Til að vernda upplifun gesta mun Bláa Lónið bjóða aukna þjónustu og sveigjanleika með vefbókunum og lengri opnunartíma. Boðið verður upp á miðnæturöpun á tímabilinu 1. júlí til og með 15. ágúst. Markmið heimsóknarinnar er ávallt að hún standist væntingar gesta og þeir fari heim með góðar minningar.



Hjá Bláa Lóninu starfa nú 250 starfsmenn á ársgrundvelli og fjölga þeim í 320 nú í sumar. Ný og skemmtileg störf hafa verið sköpuð og er starf gestgjafa gott dæmi. Hlutverk gestgjafa er að leiða ferðir um svæðið þar sem gestum býðst að skyggjast á bak við tjöldin og m.a. kynnast sögu, starfsemi og vísindapætti Bláa Lónsins. Sumarið 2012 voru fjórir starfsmenn í starfi gestgjafa og sumarið 2013 mun þeim fjölga í átta.

Meirihluti starfsfólks félagsins starfar í mikilli nánd við gestina sem koma allstaðar að úr heiminum. Áhersla á starfsmannamál hefur verið aukin til muna. Gæða- og öryggismál eru einnig í fyrirúmi ásamt aukinni áherslu á þjálfun og endurmenntun starfsfólks.





# VEITINGAR

*Þjónusta, gæði og upplifun einkenna áherslur veitingaþjónustu Bláa Lónsins. Ferskt hráefni er ávallt í fyrirrúmi. Þá hafa breytingar sem gerðar hafa verið á úrvali veitinga í Blue Cafe á undanförunum misserum fallið í góðan jarðveg á meðal gesta.*

Pylsur og ís úr vél hafa nú vikið fyrir nútímalegri og hollari fæðu. Áfram verður unnið á sömu braut og úrvalið aukið enn frekar og unnið í þá átt að stemningin og úrval á Blue Cafe verði í anda veitingastaðar. Gestir munu því bæði njóta góðs úrvals og skjótrar þjónustu.

Funda- og ráðstefnuþjónusta er í stöðugri þróun eins og önnur starfsemi sviðsins. Viðskiptavinir kunna vel að meta heildræna nálgun við þjónustuna og möguleika þess að geta farið í Bláa Lónið í lok fundardags.



Veitinga- og veislusalurinn Lava er einn glæsilegasti salur Íslands og þó víðar væri leitað. Salurinn skapar glæsilega umgjörð um viðburði sem þar eru haldnir t.d. árshátíðir eða aðra mannfagnaði. Áhersla er lögð á a la carte þjónustu eins og hún gerist best. Ferskt íslenskt hráefni er í fyrirrúmi um leið og alþjóðlegir straumar fá að njóta sín í matargerð.



# FASTEIGNASVIÐ

*Gott viðhald fasteigna Bláa Lónsins er eitt af mikilvægustu verkefnum sviðsins og er góð ásýnd og ástand fasteigna lykilþáttur í heildarupplifun gesta sem sækja Bláa Lónið heim.*

Endurbætur hafa verið gerðar á verslun Bláa Lónsins. Breytingarnar bæta flæði gesta í versluninni og aðgengi að vörum auk þess sem rými skapast fyrir aukio vöruúrval. Einnig hefur verið unnið að endurbótum á bílastæði til að bæta flæði umferðar og skipulag.



Göngustígur frá Bláa Lóninu til Grindavíkur er umhverfisverkefni sem unnið hefur verið í samstarfi við Grindavíkurbæ og HS Orku hf. Samstarfsaðilarnir kosta gerð stígsins sem er 5 kílómetra langur og mikil samgöngubót fyrir gangandi vegfarendur.

Bláa Lónið hefur unnið með nýsköpunarfyrirtækinu ReMake Electric sem hefur þróað rafskynjara sem koma í stað hefðbundinna rafmagnsöryggja. Búnaðurinn gerir fyrirtækinu kleift að fylgjast með rafmagnsnotkun og stuðla þannig að orkusparnaði og auknu öryggi.



Framkvæmdum við nýtt 120 fm þjónustuhús er nú að ljúka. Þjónustuhúsið sem er staðsett við hrauntröðina er liggur að Bláa Lóninu mun hýsa töskugeymslu fyrir gesti auk þess sem þar verður salernisaðstaða og aðstaða fyrir gesti sem bíða eftir langferðabifreiðum. Upplýsingamiðstöð verður einnig starfrækt í þjónustuhúsinu og verður áhersla lögð á að veita upplýsingar um þá kosti sem bjóðast ferðamönnum er sækja Reykjanesið heim og stuðla þannig að því að sem flestir þeirra sem heimsækja Bláa Lónið nýti sér aðra ferðaþjónustu á svæðinu.

# RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Bláa Lónið hf, Lyfjafræðideild Háskóla Íslands og Ónæmisfræðideild og Rannsóknastofa í gigtsjúkdómum Landspítala hafa gert með sér samning um samstarf um rannsóknir á bólguefnum sem unnin eru úr þörungum Bláa Lónsins.



Markmið rannsóknarinnar er að efla þekkingu á lífvirkni Bláa Lónsins með því að finna og skilgreina bólguefni úr þörungum sem þar lifa. Nýtt náttúrulegt efni sem hefur bólguefni virkni getur leitt til áhugaverðra möguleika í vörubróun. Efnin sem finnast verða nýtt í framleiðslu húðvara og á síðari stigum einnig í heilsuvörur og lyf með það að leiðarljósi að styðja við núverandi starfsemi og skapa ný tækifæri til enn frekari verðmætasköpunar úr þessari náttúruauðlind.



Bólga er talin orsök margra sjúkdóma sem hrjá íbúa vestrænna ríkja og hefur tíðni bólgu- og hrörnunarsjúkdóma, s.s. psoriasis og liðagigtar, aukist mikið undanfarna áratugi. Þá hefur verið sýnt fram á að lítill en marktæk bólga getur verið undanfari bólgu- og hrörnunarsjúkdóma síðar á ævinni. Meðferð við bólgu er því ekki bara gagnleg við meðferð sýnilegra sjúkdóma heldur einnig sem forvörn gegn þeim. Tækniþróunarsjóður mun styrkja rannsóknina með 30 milljónum króna framlagi á næstu þremur árum.



Síðastliðin 5 ár hefur Bláa Lónið í samvinnu við Háskóla Íslands og Landspítalann unnið að psoriasisrannsókn, sem jafnframt er doktorsverkefni Jennu Huldar Eysteinsdóttur læknis. Rannsóknin byggir á því að safna upplýsingum um klínísk og ónæmisfræðileg áhrif Bláa Lóns meðferðarinnar. Rannsóknarniðurstöður eru mjög lofandi. Tvær vísindagreinar eru tilbúnar og hafa verið sendar til birtingar í virtum vísindatímaritum.

Ný jarðsjávarlagn og sjóskiljur í kísilfellum voru tekin í notkun á árinu. Vonir eru bundnar við að þessi framkvæmd skapi meira öryggi í aðgengi að jarðsjó til hráefnavinnslu og gefi betri möguleika en áður á að stýra kísilútfellingum.



Bláa Lónið hf. hefur fengið starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti til að framleiða matarsalt. Stefnt er að því að framleiða gæða Blue Lagoon matarsalt fyrir veitingastað Bláa Lónsins.

Þróun Blue Lagoon húðvara er stór þáttur í starfsemi R&D. Nýtt rakakrem og hvítunarmaski eru í þróun. Endurnýjaður var rannsóknasamningur við Dr. Prof. Jean Krutmann, húðlækni og sérfræðing í öldrun húðarinnar. Hann mun ásamt Vísindanefnd Bláa Lónsins vera ráðgefandi um rannsóknastefnu og rannsóknáætlanir Bláa Lónsins.

# BLUE LAGOON HÚÐVÖRUR OG VERSLUN



Blue Lagoon verslanirnar í Bláa Lóninu, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og í Reykjavík eru mikilvægustu útsölustaðir Blue Lagoon húðvara á Íslandi. Vörur og verslanir eru hluti af heildarupplifun viðskiptavina Bláa Lónsins og snertingu þeirra við vörumerkið Blue Lagoon.

Fyrstu kaup á Blue Lagoon vörum eiga sér oft stað í verslunum hér heima. Viðskiptavinir kynna vörurnar og oft halda kaupin áfram þegar heim er komið og þá í gegnum netverslunina á [www.bluelagoon.com](http://www.bluelagoon.com)

Stöðugt er unnið að því að efla netverslunina og hefur salan í gegnum alþjóðlega hlutann aukist umtalsvert. Sala á Blue Lagoon húðvörum í gegnum innlenda hluta vefverslunarinnar hefur einnig farið vaxandi á undanförunum mánuðum. Viðskiptavinir fá reglulega send tilboð og markvisst er unnið að því að stækka viðskiptamannagrunninn.

Endurhönnun útlits og viðmóts vefverslunarinnar stendur nú yfir. Markmið breytinganna er að gera vefverslunina enn notendavænni. Stöðugt er unnið að þróun ferla til að hámarka gæði og auka þjónustu við viðskiptavini. Unnið er með völdum aðilum erlendis t.d. í Kanada að markaðssetningu Blue Lagoon húðvara á viðkomandi markaðssvæði. Nýtt vöruhús í Hollandi var tekið í notkun í mars 2012. Með því var tekið stórt skref í að auka þjónustu við viðskiptavini í Evrópu.

#### NÝTT ÞÖRUNGAKREM – RICH NOURISHING CREAM

Ný Blue Lagoon vara, rich nourishing cream, var sett á markað í upphafi árs 2013. Varan hlaut góðar viðtökur og er hún nú á meðal vinsælustu vara Blue Lagoon línunnar. Blue Lagoon þörungar sem þekktir eru fyrir virkni gegn öldrun húðarinnar eru lykilmáttsefni nýja andlitskreamsins.



Blue Lagoon þörungamaskinn sem settur var á markað á sl. ári sló í gegn á meðal íslenskra kvenna og nýja þörungakremið er spennandi viðbót við Blue Lagoon vörulínuna sem byggir á virkum efnum Bláa Lónsins, kísil, steinefnum og þörungum.

Íslensk hönnun er áfram í fyrirrúmi í verslun Bláa Lónsins. Vörur þekktara íslenskra hönnunarmarkja njóta vinsælda. Þá er fyrirtækið stolt af því að vera vettvangur fyrir nýja og óþekktari íslenska hönnuði og veita þeim þannig liðsinni við að auka sýnileika sinn gagnvart erlendum ferðamönnum og öðrum gestum.

Ný lína spa fylgihluta sem hönnuð er í samvinnu við Lindu Árnadóttur, hönnuð, og vörumerki hennar Scintilla verður sett á markað vor 2013.



# LÆKNINGALIND

*Lækningamáttur Bláa Lónsins gagnvart psoriasis er mikilvæg undirstaða allrar starfsemi fyrirtækisins. Meðferðin hefur um árabil laðað að sér meðferðargesti víðsvegar að úr heiminum en árlega sækja gestir frá um 20 löndum meðferðina auk íslenskra gesta. Meðferðin hefur unnið sér fastan sess á meðal þeirra allt frá því hún hlaut viðurkenningu íslenskra heilbrigðisyfirvalda.*

Auk hefðbundinnar Blue Lagoon psoriasis meðferðar hefur Bláa Lónið boðið Blue Lagoon Intensive meðferð í rúmt ár. Meðferðin er hönnuð til að ná hámarksárangri á tveimur vikum. Meðferðargestir sem nýta þennan meðferðarvalkost fara í Lónið tvisvar sinnum á dag, nota Blue Lagoon húðvörur auk þess sem bætt er inn innþökkun með virkum efnum Bláa Lónsins. Meðferðin var þróuð til að mæta þörfum erlendra meðferðargesta sem létu í ljós óskir um styttri meðferðartíma. Rannsóknir sýna að þessi meðferðarvalkostur ber góðan árangur. Hefðbundna meðferðin er greidd af sjúkratryggingum Íslands.



Óhætt er að lýsa Lækningalind Bláa Lónsins sem vel geymdu leyndarmáli. Hótelhluti Lækningalindarinnar laðar að sér gesti og er hann vel bókaður árið um kring. Orðspor þessa gistimöguleika er gott og margir gesta Lækningalindar heimsækja hana ár eftir ár.






# SÖLU- OG MARKAÐSMÁL

Blue Lagoon er eitt af sterkustu vörumerkjum Íslands. Stöðugt er unnið að þróun þess til að styrkja vörumerkið enn frekar og efla. Sú vinna er unnin í samstarfi við Design Group Italia (DGI) og Íslensku auglýsingastofuna. Áhersla á upplifun, frekar en áfangastað eða einstaka vöru eða þjónustu, endurspeglast í öllu markaðsefni.

Aukin áhersla er á sölumál og bein samskipti við viðskiptavinum. Þátttaka í völdum sýningum fyrir skilgreinda markhópa t.d. fyrir lúxus ferðamennsku, og sýningum fyrir ráðstefnhópa er hluti af þessari stefnu.

## NÝR VEFUR

Nýr vefur var settur í loftið í lok árs 2012. Vefurinn hlaut strax góð viðbrögð og var valinn besti vefur Íslands af Samtökum Íslenska vefiðnaðarins. Þá hlaut vefurinn einnig viðurkenningu fyrir besta útlit og viðmót. Fjöldi einstakra heimsóknna á vefsvæði Bláa Lónsins nam 870 þúsund og er ljóst að þessi tala mun fara yfir 1 milljón á árinu 2013. Meirihluti eða 85% af umferð á vefsíðum Bláa Lónsins kemur erlendis frá.



Ný vefbókunarvél á enska hluta vefsvæðisins www.bluelagoon.com hefur verið tekin í notkun og er hún liður í að auka þjónustu við viðskiptavinum enn frekar. Ákveðinn fjöldi getur bókað sig á hverjum tíma og miðast það við þann fjölda sem rúmast í búningaástöðu. Gestir munu þá hafa möguleika á að bóka heimsókn sína í Bláa Lónið fyrirfram. Viðbrögðin við þessum valmöguleika hafa verið jákvæð. Viðskiptavinir virðast sjá sér hag í því að undirbúa komu sína vel og hvernig þeir ætla að upplifa staðinn. Vefbókunarvélin er jafnframt mjög mikilvægt skref til að tryggja sem besta upplifun gesta og koma í veg fyrir langar bíðaðir. Íslenski hluti vefbókunarvélarinnar verður settur í loftið í maí 2013.

## SAMFÉLAGSMIDLAR

Vaxandi vefnotkun leiðir af sér nýtt landslag og hegðunarmynstur. Bláa Lónið hefur skapað skemmtileg samfélög á öllum helstu samfélagsmiðlum. Samfélagsmiðlar eru vettvangur þar sem hægt er að deila hugmyndum, þekkingu og efni til annarra notenda í rauntíma og skapa umræðu. Mörg þróunarverkefni eru í vinnslu, s.s. sérstakt myndatökukerfi sem mun nýtast sem viðbót við þjónustu á staðnum og gera viðskiptavinum auðveldara að deila upplifun sinni á auðveldan og virkan hátt.

Samfara opnun nýrrar bókunarvélar á vefnum er lagður aukinn þungi í markaðsstarf vegna vefbókana. Áhersla verður lögð á auglýsingar í netmiðlum og leitarvélum.

## AKADEMÍA

Blue Lagoon Akadémían var sett í loftið í tengslum við markaðssetningu á nýju Blue Lagoon þörungakremi. Verkefnið féll í góðan jarðveg og voru 100 konur valdar af 1300 umsækjendum til að taka þátt í akademíunni og deila upplifun sinni af vörunni.



Professor Jean Krutmann, einn fremsti sérfræðingur heims á sviði öldrunar húðarinnar, kom hingað til lands og flutti áhugaverða kynningu þegar nýtt Blue Lagoon þörungakrem var kynnt í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Krutmann segir að einstök náttúruleg virk efni Bláa Lónsins veiti Blue Lagoon húðvörunum einstaka stöðu á markaði í dag og jafnframt mikla möguleika sé litið til nánustu framtíðar og þeirrar þróunar sem nú á sér stað í snyrtivöruheiminum.

### MANNAUDUR OG INNRI MARKAÐSSETNING:

Mannauðurinn er auðlind fyrirtækisins og eftir því sem starfsfólki fjölgar verður innri markaðssetning mikilvægari. Upplýsingar um helstu viðburði, fréttir auk annarra upplýsinga fyrir starfsfólk eru aðgengilegar á Bláþræði, innri vef fyrirtækisins.

Unnið hefur verið að mannauðsstefnu þar sem áhersla er lögð á hlutverk starfsfólks, ráðningar og hjálfun auk samskipta og samstarfs. Í stefnunni er einnig fjallað um öryggi og heilsu. Bláa Lónið er reyklaus vinnustaður og hvetur starfsfólk til að stunda heilbriggt lífverni. Sterk liðsheild ríkir á meðal starfsfólks og markvisst er unnið að því að efla liðsheildina enn frekar.

# ALMANNATENGSL OG VÖRUMERKI

Árlega heimsækja hundruð blaðamanna Bláa Lónið heim. Áhersla er lögð á að blaðamenn upplifi staðinn á sama hátt og almennir gestir. Upplifun þeirra og umfjöllun endurspeglir þannig upplifun gesta hverju sinni.

Fjallað var um Bláa Lónið í hinum þekktu þætti CNN Business Traveller og heimsótti Richard Quest Bláa Lónið. Hann fjallaði m.a. um Bláa Lónið sem eitt af afurðum jarðvarmans á Íslandi. Huffington Post, kanadíska Elle og Daily Candy eru meðal þeirra miðla sem hafa fjallað um Bláa Lónið að undanfögnu. Fyrirtækið hefur um árabíl unnið í góðri samvinnu við Íslandsstofu, Iceland Naturally, Icelandair og aðra lykilaðila að móttöku blaðamanna hér á landi.



Bláa Lónið hefur einnig um árabíl átt í góðu samstarfi við skipuleggjendur viðburða og hátíða sem haldnar eru hér á landi t.d. Reykjavík Fashion Festival og Iceland Airwaves og boðið fjölmiðlafólki þessara viðburða að upplifa Bláa Lónið.

Bláa Lónið hefur í samvinnu við Iceland Naturally boðið völdum lífsstílsblaðamönnum frá Bandaríkjunum í skipulagðar heimsóknir.

Vörumerki Bláa Lónsins er verðmætasta óefnislega eign fyrirtækisins. Alþjóðleg vöktun þess er hjá sérfræðifyrirtækinu Árnason Faktor. Fyrirtækið ver vörumerkið Blue Lagoon Iceland hér heima og erlendis.

# LISTVIÐBURÐIR

*Bláa Lónið leggur áherslu á samstarf við listamenn, samstarfið felst m.a. í að vinna með listamönnum sem vilja nýta umhverfi Bláa Lónsins sem umgjörð fyrir list sína. Listviðburðir varpa nýju ljósi á Bláa Lónið um leið og það verður hluti af sköpunarverki listamannsins*

The Weird Girls Project og Kitty Von-Sometime gerðu Blue Lagoon listgjörning sem er hluti af Weird Girls listverkefninu. Verkið er í formi myndbands þar sem áherslan er á endurfæðingu og sjálfstraust og leysir gjörningurinn orku þátttakenda úr læðingi.



# SAMFÉLAGSVERKEFNI

Bláa Lónið styður með öflugum hætti við íþrótt- og æskulýðsstarf á Suðurnesjum. Árlega eru samstarfssamningar við um 30 íþróttagreinar undirritaðir og leggur félagið metnað í að styðja við allar íþróttagreinar á Suðurnesjum. Samstarfið gerir starfsfólki Bláa Lónsins kleift að sækja leiki vinsælla íþróttagreina sér að kostnaðarlausu. Bláa Lónið styður einnig við alla golfklúbbana á svæðinu.

## BLÁA LÓNIÐ OG ÍPRÓTTAFÉLAG FATLAÐRA Í SAMSTARF

Íþróttasamband fatlaðra og Bláa Lónið hf gerðu með sér samstarfs- og styrktarsamning í ágúst 2012. Með samningnum er Bláa Lónið hf orðið einn af helstu samstarfsaðilum Íþróttasambands fatlaðra. Samstarfssamningurinn gildir fram yfir Ólympíumót fatlaðra sem fram fer í Ríó 2016.

Árdegisverður til heiðurs og styrktar Íþróttasambandi fatlaðra sem haldinn var laugardaginn 29. september sl. í Bláa Lóninu var afar vel heppnaður. Fjöldi gesta lagði leið sína í Bláa Lónið til að heiðra íþróttafólkið sem náði einstaklega góðum árangri á Ólympíumóti fatlaðra í London



## ORKUGÖNGUR

Bláa Lónið hefur um árabíl stutt við Orkugöngur sem eru skipulagðar göngur um Reykjanes með leiðsögn. Göngurnar eru þátttakendum að kostnaðarlausu og áhersla lögð á að þátttakendur kynnist einstakri náttúru svæðisins. Meðþátttaka var í göngunum sl. sumar en um 400 manns tóku þátt í þeim.

## BLUE LAGOON FJALLAHJÓLAKEPPNIN

Fjallahjólakeppnin Blue Lagoon Challenge var haldin í 14. sinn, þann 10. júní 2012 en þá hjóluðu 430 manns frá Hafnarfirði og að Bláa Lóninu. Leiðin er 60 km. Verkefnið er fyrst og fremst hjólreiðamót fyrir almenning. Keppnin er stærsta fjallahjólámót sem haldið er á Íslandi. Verkefnið er samstarfsverkefni Bláa Lónsins og Hjólreiðafélags Reykjavíkur.



## BJÖRGUNARSVEIT GRINDAVÍKUR

Bláa Lónið hefur um árabíl átt gott samstarf við Björgunarsveitina í Grindavík. Félagið veitti björgunarsveitinni sérstakan styrk á vordögum 2013 til að standa straum af hluta af kostnaði við búnað fyrir almannavarnakerru björgunarsveitarinnar.

## BLÁI HERINN

Bláa Lónið hefur á undanförunum árum veitt frumkvöðlastarfi Bláa hersins stuðning. Blái herinn hefur unnið ómetanlegt starf við hreinsun strandlengjunnar og annarra náttúruperla á Reykjanesi.

## STOFNUN VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR

Bláa Lónið starfar í alþjóðlegu umhverfi þar sem starfsmenn þurfa að tileinka sér skilning á menningu fólks frá ólíkum heimshornum. Stuðningur Bláa Lónsins við stofnun Vigdísar Finnbogadóttur er táknrænn fyrir áherslu fyrirtækisins á menningarlausni.

## HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ

Bláa Lónið er einn af bakhjörllum Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Hönnun skipar veigamikinn sess í starfsemi Bláa Lónsins og hefur hönnun fyrirtækisins hlotið viðurkenningar hér heima og erlendis.

# VIÐURKENNINGAR

*Leikskólabörn frá leikskólanum Króki í Grindavík aðstoðu við athöfnina þegar Bláfáninn var dreginn að húni, en leikskólinn hefur hlotið umhverfisviðurkenninguna Grænfánann.*



## BLÁFÁNINN

Bláfáninn var dreginn að húni í Bláa Lóninu í 10. sinn haustið 2012. Bláa Lónið hefur nú flaggað fánanum árlega frá árinu 2003. Bláfáninn er alþjóðleg viðurkenning sem veitt er til að stuðla að verndun umhverfis smábátahafna og baðstranda. Í ár er honum flaggað á 3850 stöðum í 46 löndum.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, sagði við þetta tækifæri að það væri bæði hvetjandi og ánægjulegt að Bláa Lónið sem væri einn þekktasti staður Íslands flaggaði Bláfánanum nú í 10 sinn. „Blue Lagoon Iceland er eitt þekktasta vörumerki Íslands. Bláfáninn er útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar gerðar í heiminum og því víða þekkt vörumerki. Fáninn er til þess fallinn að efla jákvæða ímynd og samkeppnishæfni þeirra staða sem flagga honum og kjörin leið til að laða að ferðamenn. Bláfáninn er fyrst og fremst tákni um góða frammistöðu í umhverfismálum, og staðfesting á umhverfsgæðum þeirra staða þar sem hann blaktir við hún.“

## BESTI VEFUR ÍSLANDS

Vefur Bláa Lónsins [www.bluelagoon.com](http://www.bluelagoon.com) var valinn besti vefur Íslands 2012. Vefurinn var einnig valinn sá besti í flokki vefsvæða sem voru tilnefnd fyrir útlit og viðmót.

Íslensku vefverðlaunin eru uppskeruhátíð vefiðnaðarins, haldin með það að markmiði að efla hann, verðlauna bestu vefina og hvetja þá sem starfa á þessum vettvangi til dáða. Dómnefnd skipuð fagfólki í vefmálum valdi þá vefi sem komust í úrslit en í janúar gafst fyrirtækjum og einstaklingum kostur á að tilnefna til verðlaunanna.

Vefsvæðið er einn mikilvægasti þátturinn þegar kemur að samskiptum Bláa Lónsins við viðskiptavinum hér heima og erlendis og er það hluti af heildarupplifun Bláa Lónsins. Upplifun notenda var því höfð að leiðarljósi við hönnun og skipulagningu hins nýja vefsvæðis.

Hönnun vefsvæðisins var í höndum Kosmos & Kaos. Dacoda hefur hýst vefsvæði Bláa Lónsins í meira en áratug og byggir svæðið á ConMan vefumsjónakerfi Dacoda.



#### ÍSLENSKU ÞEKKINGARVERÐLAUNIN

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga veitti Bláa Lóninu viðurkenninguna – þekkingarfyrirtæki ársins 2012. Verðlaunin voru veitt í Hörpunni á Íslenska þekkingardeginum. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin. Hann sagði við þetta tækifæri að Bláa Lónið væri áminning til allra um að það væru engin takmörk á því sem hægt er að gera ef þekking, víska og áræðni fara saman. „Bláa Lónið er eitt af ævintýrunum á Íslandi á síðustu 20 árum. Staðurinn er orðinn þekktari um víða veröld en margir náttúrustaðir,“ sagði Ólafur Ragnar við afhendingu Íslensku þekkingarverðlaunanna.

Dagný Hrönn Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa Lónsins hf og Ása Brynjólfsdóttir, rannsókn- og þróunarstjóri, tóku á móti verðlaununum fyrir hönd fyrirtækisins.





Prentun  
**Svansprent**

Hönnun og umbrot  
**Sigrún Sæmundsen**

Upplag  
**100 eintök**



**Bláa Lónið hf.**  
240 Grindavík  
Sími: 420 8800  
[www.bluelagoon.is](http://www.bluelagoon.is)

©2013

**BLUE LAGOON**  
ICELAND

Bláa Lónið hf.  
Samstæðuársreikningur  
2012

Bláa Lónið hf.  
Grindavíkurbraut 9  
240 Grindavík

kt. 490792-2369

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og og áritun stjórnar og forstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Bláa Lónsins hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, Eldvarpa ehf. og Íslenskra Heilúlinda ehf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Hagnaður af rekstri félagsins árið 2012 nam 5,6 millj. EUR samkvæmt rekstrarreikningi. EBITDA rekstrarársins var 10,4 millj. EUR eða 41 % af veltu (2011: 36%). Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé félagsins í árslok 9,7 millj. EUR eða 24,4% af heildarfjármagni.

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutfé þess 4.910.260 EUR. Útistandandi hlutfé félagsins þann 31. desember 2012 nam 4.694.917 EUR og er hver hlutur 1 EUR að nafnvirði. Á árinu keypti félagið eigin hluti að fjárhæð 1.721.811 EUR. Fjöldi hluthafa í árslok er 59. Tveir hluthafar eiga yfir 10% eignarhluta í félaginu, en þeir eru:

	Eignarhluti
Hvatning slhf. ....	43,2%
HS Orka hf. ....	33,2%

Stjórn félagsins telur framtíðarhorfur þess bjartar, en félagið er nú eitt lykilfyrirtækja í íslenskrri ferðaþjónustu, sem hefur notið mikils vaxtar undanfarin misseri. Helstu ógnanir, sem steðja að rekstrinum eru þær sömu og mundu almennt ógna íslenskrri ferðaþjónustu s.s. innlendar náttúruhamfarir, alþjóðleg hryðjuverk eða aðrir slíkir atburðir.

Stjórn félagsins mun leggja fyrir aðalfund tillögu að arðgreiðslu og mun endanleg fjárhæð arðgreiðslu verða ákveðin á fundinum.

Stjórn og forstjóri Bláa Lónsins hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Grindavík, 27. febrúar 2013.

Í stjórn félagsins:

*Hilgi Mogensson*  
*Edvard Jónsson*  
*Óskar Magni*  
*Auna Elvínadóttir*  
*[Signature]*  
Forstjóri:  
*[Signature]*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Bláa Lónsins hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grindavík, 27. febrúar 2013.

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala .....	4	25.465.947	19.530.690
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		3.688.288	2.866.956
Laun og launatengd gjöld .....	5	7.399.562	6.015.920
Annar rekstrarkostnaður .....		3.934.100	3.561.238
		<u>15.021.950</u>	<u>12.444.114</u>
<b>EBITDA</b> .....		10.443.997	7.086.576
Afskriftir .....	6,7	( 1.443.424)	( 1.349.438)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		9.000.573	5.737.138
Vaxtatekjur .....		47.420	42.002
Vaxtagjöld .....		( 1.753.178)	( 2.428.769)
Aðrir fjármagnslíðir .....		295.883	0
Gengismunur .....	3b	( 342.198)	1.015.073
<b>Hreinn fjármagnskostnaður</b>		<u>( 1.752.073)</u>	<u>( 1.371.694)</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		7.248.500	4.365.444
Tekjuskattur .....	13	( 1.696.973)	( 873.089)
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<u>5.551.527</u>	<u>3.492.355</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>
Rekstarfjármunir .....	6	32.252.588	32.432.332
Óefnislegar eignir .....	7	0	203.409
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	8	925.022	879.297
Kröfur á tengda aðila .....	16	1.300.721	1.123.690
Fastafjármunir		34.478.331	34.638.728
 Birgðir .....	 9	 1.014.640	 733.092
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	10	1.762.227	907.621
Handbært fé .....		2.586.443	2.322.704
Veltufjármunir		5.363.310	3.963.417
<b>Eignir samtals</b>		<b>39.841.641</b>	<b>38.602.145</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	11	4.694.917	4.910.261
Lögbundinn varasjóður .....		555.153	349.236
Þýðingarmunur .....		( 10.946)	16.155
Óráðstafað eigið fé .....		4.468.638	3.889.508
Eigið fé	12	9.707.762	9.165.160
<b>Skuldbindingar</b>			
Tekjuskattskuldbinding .....	13	2.570.062	873.089
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir .....	14	24.538.165	25.788.131
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	15	1.796.416	1.548.709
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	1.229.236	1.227.056
Skammtímaskuldir		3.025.652	2.775.765
Skuldir og skuldbindingar samtals		27.563.817	28.563.896
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>39.841.641</b>	<b>38.602.145</b>



# Sjóðstreymisýfirlit ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins .....		5.551.527	3.492.355
Afskriftir .....	6,7	1.443.424	1.349.438
Áfallnar verðbætur, vextir og gengismunur .....	(	50.270)	( 402.400)
Áhrif hlutdeildarféлага .....		16.045	0
Gengisbreyting hlutabréfæignar .....	(	271.532)	0
Sóluþap rekstrarfjármuna .....		14.088	0
Tekjuskattur .....	13	1.696.973	873.089
Veltufé frá rekstri		<u>8.400.255</u>	<u>5.312.482</u>
Birgðir, (hækkun) lækkun .....	(	281.548)	371.158
Skammtímakröfur, hækkun .....	(	445.375)	( 322.396)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		214.373	( 138.052)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(	512.550)	( 89.290)
Handbært fé frá rekstri		<u>7.887.705</u>	<u>5.223.192</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	6	( 1.362.651)	( 1.350.003)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....		288.293	0
Fjárfesting í öðrum félögum .....	(	648.493)	( 245.206)
	(	1.722.851)	( 1.595.209)
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Keypt eigin hlutabréf .....	12	( 1.721.811)	( 1.256.838)
Greiddur arður .....	(	2.981.788)	0
Afborganir langtímalána .....	(	1.197.516)	( 711.232)
Breyting á skuld við lánastofnun .....		0	( 555.487)
	(	5.901.115)	( 2.523.557)
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		263.739	1.104.426
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>2.322.704</u>	<u>1.218.278</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u>2.586.443</u>	<u>2.322.704</u>
<b>Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b>			
Eignarhlutur í öðrum félögum afhentur sem arður .....	(	278.225)	0
Fjárfesting í öðrum félögum, breyting .....	(	145.679)	( 348.552)
Skammtímakröfu, breytt í eignarhlut í öðrum félögum .....		423.904	0
Tekin ný langtímalán .....		0	23.000.000
Afborganir langtímalána .....		0	( 15.473.074)
Keypt eigin bréf .....		0	( 4.859.716)
Breyting á skuld við lánastofnanir .....		0	( 2.318.658)

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

Bláa Lónið hf. er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar félagsins við Grindavíkurbraut 9 í Grindavík. Samstæðureikningur félagsins fyrir árið 2012 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

### b. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í evrum en stjórn félagsins ákvað að evra sé starfsrækslugjaldmiðill félagsins frá og með árinu 2008.

### c. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna hafa áhrif á.

## 3. Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins.

### a. Grundvöllur samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins.

### b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Með erlendum gjaldmiðlum er átt við alla aðra gjaldmiðla en evrur.

### c. Fjármálagerningar

*Fjármálagerningar aðrir en afleiður*

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

### d. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Helstu reikningsskilaaðferðir frh.:

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr ársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður.

Í skýringu 3 (i) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

### e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunir, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Byggingar .....	50 ár
Áhöld og tæki .....	5 ár
Innréttingar .....	5 ár
Bifreiðar .....	5 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

### f. Óefnislegar eignir

#### Viðskiptavild

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum

#### Rannsókn- og þróunarkostnaður

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til en þróunar- og hönnunarkostnaður á nýjum framleiðsluvörum er hins vegar eignfærður ef talið er að hann muni skila efnahagslegum ávinningi í framtíðinni. Kostnaðarverð þróunarkostnaðar samanstendur af beinum efniskostnaði, beinum þjónustukostnaði og kostnaði við skrásetningu lagalegra réttinda.

#### Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Helstu reikningsskilaaðferðir frh.:

*Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til síðar vegna óefnislegra eigna er eignfærður ef hann eykur virði eignarinnar. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

*Afskriftir*

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna.

Viðskiptavild .....	10 ár
Próunarkostnaður .....	5 ár
Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir .....	5 ár

### g. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á meðalkostnaðarverði, en framleiðsluvörur eru metnar á meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði.

### h. Virðisrýrnun

Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort til staðar séu vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna. Eign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið. Virðisrýrnun er færð meðal afskrifta í rekstrarreikning ef bókfært verð eignar er hærra en nýtingarvirði hennar.

### i. Tekjur

*Seldar vörur og veitt þjónusta*

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvíska er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

*Opinberir styrkir*

Opinberir styrkir eru tekjufærðir í rekstrarreikning við greiðslu.

### j. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lántökum og öðrum fjármagnskostnaði. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengishagnaður og gengistap af eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum er færður nettó sem sérstakur liður í hreinum fjármagnskostnaði.

### k. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu ársins er frestaður tekjuskattur. Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Ekki er reiknaður tekjuskattur vegna tímabundins mismunar sem tengist fjárfestingu í dótturfélögum svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og að jafnframt sé talið líklegt að hann snúist ekki við í fyrirsjáanlegri framtíð. Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á mót eigninni.

## Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur	2012	2011
Bláa Lónið, aðgangur .....	13.560.604	9.820.977
Veitingasala .....	5.028.066	3.666.697
Vörusala .....	5.056.105	4.037.578
Lækningalind .....	1.281.955	1.051.200
Aðrar rekstrartekjur .....	539.217	954.238
Rekstrartekjur samtals .....	25.465.947	19.530.690

5. Starfsmannamál		
Laun .....	5.865.828	4.717.368
Tryggingagjald .....	518.679	464.322
Lífeyrisiðgjöld .....	541.597	501.088
Annar starfsmannakostnaður .....	473.458	333.142
Laun og launatengd gjöld samtals .....	7.399.562	6.015.920

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu miðað við heilsársstörf ..... 191 163

Laun stjórnar og forstjóra námu samtals EUR 366 þús. á árinu 2012 (2011; EUR 329 þús.).

6. Rekstrarfjármunir	Baðstaður	Aðrar fasteignir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
<b>Kostnaður</b>				
Staða 1.1.2011 .....	28.145.915	7.795.333	2.962.445	38.903.096
Viðbót á árinu .....	483.704	38.503	827.796	1.350.003
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	( 597.406 )	( 597.406 )
Heildarverð 31.12.2011 .....	28.629.619	7.833.836	3.192.835	39.655.693
Staða 1.1.2012 .....	28.629.619	7.833.836	3.192.835	39.655.693
Viðbót á árinu .....	691.089	77.964	593.598	1.362.651
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	( 432.685 )	( 432.685 )
Heildarverð 31.12.2012 .....	29.320.708	7.911.800	3.353.748	40.585.659
<b>Afskriftir</b>				
Staða 1.1.2011 .....	3.653.008	844.175	2.165.021	6.661.607
Afskrifað á árinu .....	611.420	157.349	389.890	1.158.659
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	( 596.905 )	( 596.905 )
Afskrifað 31.12.2011 .....	4.264.428	1.001.524	1.958.006	7.223.361
Staða 1.1.2012 .....	4.264.428	1.001.524	1.958.006	7.223.361
Afskrifað á árinu .....	702.998	159.514	377.503	1.240.015
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	( 130.305 )	( 130.305 )
Afskrifað 31.12.2012 .....	4.967.426	1.161.038	2.205.204	8.333.071

## Skýringar, frh.:

### 6. Rekstrarfjármunir; frh.:

#### Bókfært verð

31.12.2011 .....	24.365.191	6.831.974	1.234.829	32.432.332
31.12.2012 .....	24.353.282	6.750.424	1.148.544	32.252.588

Afskriftahlutföll .....	2%	2%	20%	
-------------------------	----	----	-----	--

Fasteignamat fasteigna og lóða samstæðunnar nam samtals EUR 10,2 millj. (2011: EUR 9,7 millj.) Á sama tíma var váttryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar EUR 27,9 millj. (2011: EUR 28,7 millj.)

### 7. Óefnislegar eignir

	Viðskiptavild	Rannsóknar- og þróunar- kostnaður	Samtals
<b>Kostnaður</b>			
Staða 1.1.2011 .....	147.820	1.071.586	1.219.406
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	( 254.163 )	( 254.163 )
Staða 31.12.2011 .....	147.820	817.423	965.243
Staða 1.1.2012 .....	147.820	817.423	965.243
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 147.820 )	( 817.423 )	( 965.243 )
Staða 31.12.2012 .....	0	0	0
<b>Afskriftir</b>			
Staða 1.1.2011 .....	61.581	762.184	823.765
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	( 252.710 )	( 252.710 )
Afskriftir á árinu .....	28.747	162.032	190.779
Staða 31.12.2011 .....	90.328	671.506	761.834
Staða 1.1.2012 .....	90.328	671.506	761.834
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 147.820 )	( 817.423 )	( 965.243 )
Afskriftir á árinu .....	57.492	145.917	203.409
Staða 31.12.2012 .....	0	0	0
<b>Bókfært verð</b>			
31.12.2011 .....	57.492	145.917	203.409
31.12.2012 .....	0	0	0

### 8. Eignarhlutir í félögum

Fjárfesting í hlutdeildarfélögum í árslok og eignarhlutur greinist þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð 2012	Bókfært verð 2011
Baðfélag Mývatnssveitar hf. ....	22,3%	381.562	205.071
Hótel Bláa Lónið ehf. ....	26,6%	( 20.877 )	18.546
Blue Lagoon international ehf. ....	22,6%	( 21.202 )	104.487
Samtals .....		339.483	328.104

## Skýringar, frh.:

### 8. Eignarhlutir í félögum, frh.:

Eignarhlutir í öðrum félögum er færðir á upphaflegu kostnaðarverði og greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð 2012	Bókfært verð 2011
Hreyfing Eignarhaldsfélag ehf. ....	27,6%	363.148	416.093
Gufa ehf. ....	14,0%	210.056	117.166
Önnur félög .....	-	12.335	17.934
Samtals .....		585.539	551.193
Bókfært verð eignarhaldsfélag .....		339.483	328.104
Bókfært verð annarra félaga .....		585.539	551.193
Samtals .....		925.022	879.297

### 9. Birgðir

Birgðir samanstanda af hráefnum og fullnum vörum sem keyptar hafa verið fullunnar til endursölu.

### 10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2012	2011
Viðskiptakröfur .....	620.100	558.263
Aðrar skammtímakröfur .....	176.602	349.358
Kröfur á tengda aðila .....	0	380.780
Hlutabréf skráð í kauphöll .....	965.525	0
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals .....	1.762.227	907.621

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 31. desember 2012 nemur EUR 28 þús. (2011; EUR 28 þús.).

### 11. Hlutfé

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutfé þess 4.910.260 EUR. Útistandandi hlutfé félagsins þann 31. desember 2012 nam 4.694.917 EUR og er hver hlutur 1 EUR að nafnvirði. Á árinu keypti félagið eigin hluti að fjárhæð 1.721.811 EUR.

### 12. Eigið fé

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2012 .....	4.910.261	349.236	16.155	3.889.508	9.165.160
Keypt eigin bréf .....	( 215.344 )	( 349.236 )		( 1.157.231 )	( 1.721.811 )
Greiddur arður .....				( 3.260.013 )	( 3.260.013 )
Þýðingarmunur .....			( 27.101 )		( 27.101 )
Hagnaður ársins .....				5.551.527	5.551.527
Lagt í lögbundinn varasjóð .....		555.153		( 555.153 )	0
Eigið fé 31.12.2012 .....	4.694.917	555.153	( 10.946 )	4.468.638	9.707.762

## Skýringar, frh.:

### 13. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

	2012	2011
Fastafjármunir .....	2.759.510	2.363.812
Yfirfæranlegt tap .....	( 224.082 )	( 1.602.376 )
Gengismunur .....	9.185	5.573
Viðskiptakröfur .....	25.448	106.080
Tekjuskattsskuldbinding .....	<u>2.570.061</u>	<u>873.089</u>

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður ársins .....	5.551.527	3.492.355	
Tekjuskattur ársins .....	<u>1.696.973</u>	<u>873.089</u>	
Hagnaður án tekjuskatts .....	<u>7.248.500</u>	<u>4.365.444</u>	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	20%	1.449.700	873.089
Aðrar breytingar .....	3%	<u>247.273</u>	<u>0</u>
Virkur tekjuskattur .....	23%	<u>1.696.973</u>	<u>873.089</u>

### 14. Langtímalán

Þessi skýring veitir upplýsingar um samninga samstæðunnar um vaxtaberandi lán og lántökur.

Langtímaskuldir í lok tímabilsins greinast þannig:

	2012	2011
Skuldir í EUR .....	21.053.787	22.454.845
Skuldir í ISK .....	4.713.614	4.560.342
Samtals .....	<u>25.767.401</u>	<u>27.015.187</u>

Á gjalddaga 2012 .....		1.204.558
Á gjalddaga 2013 .....	1.229.236	1.290.084
Á gjalddaga 2014 .....	1.237.917	1.300.061
Á gjalddaga 2015 .....	1.247.130	1.310.650
Á gjalddaga 2016 .....	18.098.043	1.321.888
Á gjalddaga 2017 .....	144.545	1.344.385
Á gjalddaga 2018 og síðar .....	<u>3.810.530</u>	<u>19.243.561</u>
	<u>25.767.401</u>	<u>27.015.187</u>

Lánveitendur félagsins hafa veð í fasteignum þess að Grindavíkurbraut 5, 7 og 9, sem og lóðum, réttindum og rekstri til tryggingar á skuldum félagsins.



## Skýringar, frh.:

### 15. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2012	2011
Viðskiptaskuldir .....	782.297	660.706
Tengdir aðilar .....	38.749	145.534
Aðrar skammtímaskuldir .....	975.370	742.469
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	1.796.416	1.548.709

### 16. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag, félag undir sömu yfirráðum og Bláa Lónið hf. og HS Orka hf.

Viðskiptastöður við tengda aðila um áramót greinast þannig:

	2012		2011	
	Eign	Skuld	Eign	Skuld
Bláa Lónið heilsuvörur ehf. ....	925.763	0	742.910	0
Framvörður ehf. ....	38.918	0	475.902	0
Hótel Bláa Lónið ehf. ....	336.041	0		
HS Orka hf. ....	0	38.749	0	145.534
Samtals .....	1.300.722	38.749	1.218.812	145.534

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

	2012		2011	
	Sala	Kaup	Sala	Kaup
Bláa Lónið heilsuvörur ehf. ....	527.183	1.569.980	587.344	536.060
Framvörður ehf. ....	43.254	2.614	180.140	1.156
Hótel Bláa Lónið ehf. ....			8.731	0
HS Orka hf. ....	61.504	188.212	67.720	169.022
Samtals .....	631.941	1.760.806	843.935	706.238

Önnur viðskipti við tengda aðila eru óverulegur þáttur í starfsemi samstæðunnar. Verðlagning í slíkum viðskiptum er sambærileg og í öðrum viðskiptum við ótengda aðila.

Auk þeirra viðskipta við tengda aðila er að framan greinir kaupir Bláa Lónið heitt og kalt vatn og rafmagn af HS Veitum og nam heildarfjárhæð þeirra viðskipta 266 þús. EUR á árinu 2012.

### 17. Félag í samstæðunni

Í árslok voru dótturfélag Bláa Lónsins hf. í samstæðunni tvö, Eldvörp ehf. sem er fasteignafélag og Íslenskar heilsulindir ehf. sem er eignarhaldsfélag um eignarhluti í Baðfélagi Mývatnssveita ehf. og Gufu ehf.

Bókfært verð dótturfélaga sem er fært í samstæðureikninginn greinist þannig.

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eldvörp ehf. ....	100%	14.452.741
Íslenskar heilsulindir ehf. ....	100%	486.900

## Skýringar, frh.:

---

### 18. Önnur mál

- a. Eins og fram kom í skýringum ársreiknings félagsins árið 2011 var ákveðið að tekjufæra meðal gengismunar EUR 292 þús. Um var að ræða kröfu Lýsingar hf. á félagið vegna fjármögnunarleigusamnings, sem Lýsing taldi óuppgerðan. Það var mat lögmanna félagsins að ákvæði þessa samnings væru efnislega samhljóða fjármögnunarleigusamningum sem Hæstiréttur hafði dæmt ólögmæta og á grundvelli þess mats var þessi tekjufærsla ákveðin. Lýsing hf hélt þó áfram málaferlum vegna eigin samninga og á árinu féll Hæstaréttardómur, sem skapaði aftur réttaróvissu um lögmæti fjármögnunarleigusamninga Lýsingar. Í kjölfar þessa dóms hafa enn á ný verið höfðuð dómsmál af hálfu viðskiptamanna Lýsingar gagnvart fjármálafyrirtækinu. Í ljósi þeirrar óvissu sem þessi framvinda hefur skapað hefur félagið ákveðið að gjaldfæra í varúðarskyni fyrrgreindar 292 þús. EUR meðal gengismunar.
- b. Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar jarðhitavökva (Bláa Lóns vökva) í Svartsengi til afþreyingar, heilsuþaða, lækninga og einnig til framleiðslu hvers konar húð og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Greiðslur til HS Orku hf. vegna samningsins voru 173 þús. EUR (2011: 154 þús. EUR) á árinu 2012.
- c. Félagið hefur einkarétt til notkunar vörumerkjanna "Blue Lagoon" og "Bláa Lónið" í öllum vöruflokkum á Íslandi og einnig hefur vörutákn félagsins verið skráð á Íslandi og sums staðar erlendis. Félagið hefur einnig skráð vörumerkið "Blue Lagoon" í flokkum snyrtivara og lyfja á öllum helstu mörkuðum erlendis og sums staðar einnig í flokkum ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu.
- d. Rannsókn- og þróunarkostnaður var EUR 432.015 á árinu og er allur gjaldfærður í rekstrarreikningi. Um er að ræða bæði kostnað sem fellur til innan fyrirtækisins og aðkeypta þjónustu. Meginverkefni ársins eru rannsóknir á áhrifum Bláa Lónsins á psoriasis, rannsóknir á Blue Lagoon hráefnum og þróun nýrra húðvara. Bláa Lónið fékk EUR 3.591 í rannsókn- og þróunarstyrk á árinu frá Tækniþróunarsjóði. Endurgreiðsla R&D kostnaðar frá Ríkissjóði Íslands vegna skattaávilnunar nam EUR 51.999.

Félagið hefur lagt inn tvö einkaleyfi

- PCT /IS2007/000012 - Pharmaceutical and cosmetic use of extracts from algae obtainable from saline hot water sources (publication no: WO 2007/129331)
- PCT /IS2007/000011 Pharmaceutical and cosmetic use of silica (publication no: WO 2007/129330)

Einkaleyfin lúta að notkun kísils annars vegar og þörungna hins vegar í snyrtivörur og lyf. Grunnumsóknir voru lagðar inn á Íslandi 2006. PCT umsóknir (alþjóðlegar umsóknir) voru lagðar inn 2007. Árið 2008 voru þær færðar yfir í landsbundið ferli og lagðar inn umsóknir í EPO og US þar sem þær eru nú til skoðunar.

- e. Félagið á kauprétt á allt að 264,5 hekturum lands á landspildunni í kringum athafnasvæði sitt í Svartsengi.